

76 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Hvammsprestakalli í**
29. júní **Laxárdal.**

Eftir möttöku tveggja brjefa yðar, háæruverðugi herra, dags. 13. og 25. apríl þ. á., hefir stjórnarráðið veitt prestinum að Hvammi í Laxárdal síra Arnóri Árnasyni 3000 kr. embættislán með þeim kjörum, sem til eru tekin í lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, til þess að reisa á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri 13×11 álnir og með útbýgðri forstofu samkvæmt uppdrætti húsameistara Rögnvaldar Ólafssonar og nánari fyrirsögn hans. Húsið á að vera á velgerðum steinlindum grunni, og fylgir húsinu kjallari, er gerður verður undir húsinu. Skal húsinu fylgja eldavjel og 2 ofnar, annar á neðri hæð en hinn á efri hæð.

Hefir þegar gerð verið ráðstöfun um útborgun fyrri hluta lánsins, en síðari hluti þess verður útborgaður, er presturinn sendir hingað nákvæma lýsingu og virðingu á húsinu ásamt vottorði um að það hafi verið byggt samkvæmt fyrirsögn húsameistara Rögnvaldar Ólafssonar.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

77 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, um takmörk verslunarlóðarinnar á Bakkagerði í Borgarfirði.**
6. júlí

Með brjefi, dags. 17. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað til lögur sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu viðvikjandi takmörkum verslunarlóðarinnar á Bakkagerði í Borgarfirði, sem með lögum nr. 39, 13. desember 1895 varð löggiltur verslunarstaður, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús á Bakkagerði, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Að sunnan takmarkist lóðin af beinni línu úr Fjarðararós í Álfaborg, að vestan af beinni línu frá Álfaborg í stóran merkistein, sem er á Bakkamel, að norðan af beinni línu frá áðurnefndum steini sunnan við Bólabarð í Bakkaá, og að austan af Bakkaánni og sjónum.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutadeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðskostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

78 **Brjef stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um samning skipaskýrsla.**
6. júlí

Það hefir þráfaldlega komið í ljós, þegar unnið hefir verið úr skýrslunum um verslunar-flutninga- og farþegaskip, sem sýslumenn og bæjarfógetar senda stjórnarráðinu, að skýrslum þessum er mörgum hverjum allmikið ábótavant í ýmsum greinum. Einkum er það tvent, sem mestu máli skiftir í þessu efni.